

Helstefnan

-- og hinn bjargandi sannleikur

Það sem jeg ástunda umfram alt, er að reyna að rita það sem rjett er og satt. Hitt hirði jeg minna um, hvort ótrúlegt muni þykja eða ekki.

I.

Það er óhætt að segja að aldrei hefir styrjöld háð verið jafn hættuleg framtíð mannkynsins og sú er nú geisar. Aldrei hafa möguleikarnir til morðs og eyðileggingar verið aðrir eins og nú. Aldrei eins mikið í húfi. Því að um ekkert minna er að ræða en það, að algerlega verði skotið loku fyrir breytingu þá frá Helstefnu til Lífstefnu, sem vitkaðri verur hafa verið að reyna að koma fram hjer á jörðu. Menntu eru að tala um að styrjöld þessi muni lengi standa, svo árum skiftir, jafnvel heilan áratug. Virðist mjer sem öll von mundi þá úti vera ef svo færi. Mundu þá verða ógnaaldir, hræðilegri en áður eru dæmi til í

sögu mannkyns vors, og mundi svo fram fara uns jörðin væri mönnum óbyggileg orðin. En þó þarf ekki svð að verða. Sá sannleikur er þegar fundinn sem bjargað gæti, ef hann væri aðeins þeginn.

II.

Hver gáfumaðurinn eftir annan hefir lýst því yfir, að í þessum hildarleik geti hin litla íslenska þjóð ekkert að gert, aðeins verið algerlega áhrifalaus vottur að hamförum jötnanna. En því fer fjarri að þetta sje rjett. Hjer er það einmitt sem sannast gæti það sem sagt hefir verið, að frá Íslandi muni ljósið koma, ljósið sem bjargar. Þekking mannkynsins þarf að komast í það horf, að fullkomnari lífverur geti beitt sjer hjer betur en orðið er, verur sem þá fljótt mundu geta gert það lýðum ljóst, hver er tilgangur

FRAMH. Á SJÖTTU Síðu.

Mel. 5 okt 1939

Helstefnan . . .

FRAMH. AF FIMTU SÍÐU.

sköpunarverksins, og til hverskonar framtíðar er stefnt með því athæfi sem nú er frammi haft. Ef menn ljetu sjer skiljast þau undirstöðusannindi, að slíkar verur eru til, og að þær eru ekki andar í óskiljanlegum andaheimi, utan við náttúruna, heldur íbúar stjörnu, eins og vjer erum hjer á jörðu, og líkamlegir eins og vjer, þó að miklu betur sje, þá væri fyrir hendi sá möguleiki til áhrifa, sem nægja mundi. Svo einfaldur er hinn bjargandi sannleikur, svo mjög í samræmi við það sem þegar er vitað. Ef nokkur þúsund Íslendingar ljetu sjer þessi sannindi skiljast, gerðu sjer ljóst, að hjer er ekki um neinar vafasamar tilgátur að ræða, heldur það sem er fullkomlega víst, þá mundi þessari hættulegustu styrjöld skjótt lokið verða. Og hversu gott mun verða að lifa, þegar hin mikla breyting, sem þarf að verða, fer að takast. Þegar menn fara að verða nógu glöggsgygnir gagnvart því hvað merkilegt er og hvað ómerkilegt. Hvað ljett og hvað fagurt. Hvað rjett og hvað rangt. Og þegar það getur ekki átt sjer stað, að nokkur ímyndi sjer að óhræsið sje mannkostamaður og vitringurinn bjáni eða jafnvel vitfirringur.

23. sept.

Helgi Pjeturs.